



Landsvirkjun

LV-2019-058

Aflstöðvar á Þjórsár- og Tungnaárvæði

Mannvirkjaskráning



Skýrsla LV nr: LV-2019-058Dags: 11.11.2019

Fjöldi síðna: 210

Upplag: 2

Dreifing:

-
- Birt á vef LV
-
-
- Opin
-
-
- Takmörkuð til


Titill: Aflstöðvar á Þjórsár- og Tungnaárssvæði – MannvirkjaskráningHöfundar/fyrirtæki: Anna María Bogadóttir, ÚrbanistanVerkefnisstjóri: Björk GuðmundsdóttirUnnið fyrir: LandsvirkjunSamvinnuaðilar: Rúnar D. Bjarnason, Mannviti**Útdráttur:**

Tilgangur verkefnisins var að skrá og meta mannvirki á starfssvæði Þjórsár- og Tungnaársvæðis til að uppfylla fjórða leiðarljósið í stefnumiðum Landsvirkjunar um landmótun og útlit mannvirkja (VIN-215) "Að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja og umhverfis, þannig að verndun og viðhald verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun." Skýrslan er sett fram sem húsakönnun í samræmi við ákvæði Skipulagslaga nr. 123/2010, gr. 37, 5. mgr. Þar segir m.a.: "Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar." Tilgangur með húsakönnun er að tryggja að ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða húsaþyrpingu séu teknar með þekkingu á gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Farið var í vettvangsferðir á svæðið, ljósmyndir teknar og mannvirki skráð á eyðublöð. Samvinna var við stöðvarstjóra og samráð við Minjastofnun Íslands og skipulagsyfirvöld sveitarfélagsins.

Í skýrslunni er sett fram skráning með texta og ljósmyndum, niðurstöður úttektar og svo mat á byggingum í textaformi. Skráður er hönnuður húsa, byggingarlist, byggingarefni húsa, byggingartímabil, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki, ástand varðveislugildis, mat á varðveislugildi og leiðbeiningar. Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðaheilda. Vinna við gerð skráningar, niðurstöður og mat eru sett fram í fimm liðum og í samráði við Minjastofnun. Skýrslan hefur að geyma ljósmyndir, byggingarnefndarteikningar, loftmyndakort og samantekt á niðurstöðum varðveislumats.

Lykilorð: Vatnsaflsvirkjun, Þjórsá, Tungnaá, Búrfellsstöð, Sultartangastöð, Hrauneyjarfossstöð, Sigöldustöð, Vatnsfellsstöð, Búðarhálsstöð, mannvirkjaskráning, húsakönnun, arkitektúr, yfirbragð svæðis, varðveislugildi, varðveislumat, gerð húss, leiðbeiningar

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

LV-2019-058



Aflstöðvar á Þjórsár- og Tungnaárvæði

Mannvirkjaskráning



**AFLSTÖÐVAR Á ÞJÓRSÁR- OG TUNGNAÁRSVÆÐI
MANNVIRKJASKRÁNING**

2019

ÚRBANISTAN

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
HÚSAKÖNNUN	4
TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ	5
AFLSTÖÐVAR Á ÞJÓRSÁR- OG TUNGNAÁRSVÆÐI	6
YFIRBRAGÐ SVÆÐIS OG MANNVIRKI	8
ALMENNAR LEIÐBEININGAR	9
YFIRLITSKORT	10
MANNVIRKJASKRÁ	22
BÚRFELLSSTÖÐ	23
BÚRFELLSSTÖÐ II	59
SULTARTANGASTÖÐ	68
BÚÐARHÁLSSTÖÐ	79
HRAUNEYJAFOSSSTÖÐ	88
SIGÖLDUSTÖÐ	105
VATNSFELLSSTÖÐ	114
NIÐURSTAÐA VARÐVEISLUMATS	122
ÚTILISTAVERK Á AFLSTÖÐVASVÆÐI	134
HEIMILDIR	142
LJÓSMYNDIR	143
VIÐAUKI - TEIKNINGAR	144

INNANGUR

Hér á eftir fer mannvirkjaskráning aflstöðva Þjórsár- og Tungnaárvæðis; Búrfellsstöð, Búrfellsstöð II, Sultartangastöð, Búðarhálsstöð, Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð. Mannvirkjaskráningin er unnin fyrir Landsvirkjun á tímabilinu mars – október 2019 af Úrbanistan/Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt, sem er höfundur skýrslunnar.

Skýrslan er sett fram sem húsakönnun en jafnframt koma fram tillögur um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af því sem sett er fram í stefnumiðum Landsvirkjunar um landslagsmótun og útlit mannvirkja við þróun og byggingu virkjana: „að skapa sem best heildarjafnvægi milli útlits mannvirkja, landmótunar og náttúrulegs umhverfis“ og „að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja og umhverfis þannig að verndun og viðhald verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun“.¹

¹ Björk Guðmundsdóttir, Landmótun og útlit mannvirkja, stefnumótun. Landsvirkjun 2016

HÚSAKÖNNUN

Í húsakönnun er um að ræða byggingarlistar- og menningarsögulega greiningu, úttekt, mat og skráningu. Til fyrirmyndar eru hafðar byggða- og húsakannanir skv. leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands.

Mannvirkjaskráningin er í samræmi við ákvæði 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem segir: *Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.*² Ákvæði um skráningu menningarminja er einnig að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.³

Byggða- og húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“⁴ Fyrsti áfangi og undanfari húsakönnunar sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er byggðakönnun með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Seinni áfangi byggða- og húsakönnunar er húsakönnun með húsakrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.⁵

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðarheildar. Niðurstöður úttektar og mats á byggingum eru settar fram í texta, ljósmyndum og kortum. Skráð er byggingarefni húsa, byggingartímabil og mat á varðveislugildi. Niðurstaða skráningar og mat er sett fram í fimm liðum í samræmi við skráningarform Minjastofnunar Íslands.

1) Byggingarlist: Matið byggir á núverandi útliti. Litið er til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forma, efnismeðferðar og notagildis.

2) Menningarsögulegt gildi: Litið er til staðbundinnar eða sérstakrar byggingarhefðar, tæknilegra atriða og efnisvals út frá byggingartíma. Hlutverk byggingarinnar og tengingar við sögu og þróun.

3) Umhverfisgildi: Lagt er mat á mikilvægi byggingarinnar fyrir nærliggjandi umhverfi og samspil við nálæg mannvirki.

4) Upprunaleg gerð: Litið er til þess hvernig upprunalegt svipmót byggingar hefur varðveist. Metið hvernig breytingar falla að upprunalegri gerð.

5) Ástand: Almennt mat á ástandi og viðhaldi.

Niðurstaða varðveislumats er metið út frá ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Matið er sett fram í þremur stigum:

1) Byggingar með hátt varðveislugildi. Friðlýstar byggingar og önnur mannvirki með ótvírætt varðveislugildi, sbr. V. og VII. kafla laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2) Byggingar með miðlungs varðveislugildi. Friðaðar byggingar með lítið varðveislugildi og önnur hús með miðlungs varðveislugildi. Fyrir byggingar sem ekki falla undir verndun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er matið leiðbeinandi um hverfisvernd sbr. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða friðlýsingu skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3) Byggingar með lágt varðveislugildi. Byggingar sem falla ekki undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

Til skoðunar eru mannvirki sem eru skráð í fasteignaskrá ríkisins. Einnig er gefið yfirlit yfir önnur mannvirki sem falla undir skilgreiningu byggingareglugerðar um mannvirki: „Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjaraskipta [...]“.⁶

² Skipulagslög nr. 123/22.

³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

⁴ Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“, 2009.

⁵ Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“, 2009.

⁶ Byggingareglugerð nr. 112/2012.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aflstöðvar Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæði eru í tveimur hreppum. Búrfells- og Sultartangastöðvar eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Vatnsfells-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss- og Búðarhálsstöðvar í Ásahreppi. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita þjónar báðum hreppum.

Landsskipulag

Á svæðinu sem mannvirkjaskráningin nær til er í gildi Landsskipulagsstefna 2015-2026⁷ en við samþykkt hennar féll svæðisskipulag miðhálandisins úr gildi.

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022, staðfest árið 2010⁸ og Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 staðfest árið 2006⁹. Nýtt Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er í samþykktarferli.

Rammaskipulag

Á áhrifasvæði vestan mannvirkjasvæðisins hefur verið unnið rammaskipulag fyrir útivist og ferðaþjónustu í Þjórsárdal.¹⁰

Deiliskipulag

Á hluta svæðisins er í gildi deiliskipulag Búrfellsvirkjunar staðfest árið 2016.¹¹ Einnig liggur fyrir deiliskipulag Búðarhálsvirkjunar og Búðarhálslínu I.¹²

ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ

Við undirbúning verkefnisins var aflað upplýsinga í fasteignaskrá á vef Þjóðskrár Íslands og skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Teikningar af mannvirkjum voru annars vegar sóttar á vef Upplýsinga- og tæknisviðs Uppsveita og hins vegar í teikningasafn Landsvirkjunar. Teikningar úr teikningasafni Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar, sem er í vörslu Hönnunarsafns Íslands, voru einnig hafðar til hliðsjónar. Theodór Theodórsson verkefnisstjóri rannsókna hjá Landsvirkjun útvegaði loftmyndir af skoðunarsvæðinu.

Rætt var eftirfarandi arkitekta sem komu að hönnun mannvirkja á svæðinu: Árna Kjartansson hjá Teiknistofu Glámu Kím, Garðar Guðnason hjá OG arkitektastofu, Richard Briem hjá VA arkitektum og Helgu Guðmundsdóttur, dóttur Guðmundar Kr. Kristinssonar, sem starfaði lengi sem arkitekt á teiknistofu hans og Ferdinands Alfreðssonar. Þá var grein Péturs H. Ármannssonar „Orkuver og arkitektúr“ í bókinni *Landsvirkjun 1965-2005*, sem Landsvirkjun gaf út árið 2005, höfð til hliðsjónar.

Fjórar vettvangsferðir voru farnar á mannvirkjasvæðið á vegum Úrbanistan á tímabilinu apríl – júní 2019. Í vettvangsferðunum voru mannvirki skoðuð og ljósmynduð. Jón Hinrik Gíslason viðhaldsstjóri mannvirkja Landsvirkjunar á Þjórsárvæði var leiðsögumaður um svæðið og veitti margvíslegar upplýsingar.

Við skráningu mannvirkja var unnið skv. skráningarstaðli Minjastofnunar Íslands og samráð haft við Pétur H. Ármannsson og Maríu Gísladóttur hjá Minjastofnun Íslands.

Verkefnishópur samanstóð af Georgi Þór Pálssyni stöðvarstjóra og Björk Guðmundsdóttur verkefnisstjóra. Eigandi var Jóna Bjarnadóttir. Ráðgjafar voru Anna María Bogadóttir frá Úrbanistan og Rúnar D. Bjarnason frá Mannviti.

⁷ Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. Skipulagsstofnun 2016

⁸ Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2020, staðfest 23.11.2010 <http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefsja/Asahreppur>

⁹ Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, staðfest 06.04.2006. <http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefsja/Skeiða-og-Gnupverjahreppur>

¹⁰ Þjórsárdalur, rammaskipulag fyrir útivist og ferðaþjónustu, Skeiða- og Gnúpverjahreppur 2013.

¹¹ Deiliskipulag Búrfellsvirkjunar, staðfest 06.01.2016. <http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefsja/Deiliskipulag-Burfellsvirkjunar>

¹² Deiliskipulag Búðarhálsvirkjunar, staðfest 17.05.2012. <http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefsja/Deiliskipulag-Budarhalsvirkjunar-og-Budarhalslinu-I>

AFLSTÖÐVAR Á ÞJÓRSÁR- OG TUNGNAÁRSVÆÐI

Þjórsá við Búrfell var fyrsta jökuláin sem virkjuð var á Íslandi. Fyrsti framkvæmdaáfangi á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu voru Búrfellsstöð og Þórisvatnsmiðlun á árunum 1966-1972 og var um fyrsta verkefni Landsvirkjunar að ræða.¹³ Aðdraganda að byggingu aflstöðva í Þjórsá má hins vegar rekja aftur til ársins 1915 og var fyrsta áætlunin um virkjun Þjórsár dagsett í júní 1918. Þá hafði verið unnið við áætlunina undir stjórn norska verkfræðingsins G. Sætersmoen í þrjú ár. Áætlunin var gerð að beiðni fossafélagsins Titan, sem stofnað var árið 1914 að tilhlutan Einars Benediktssonar. Hugðist félagið gera stórvirkjanir í Þjórsá og Tungnaá og hefja stóriðju á Íslandi.¹⁴ Ekki varð úr stóriðjuáætlunum Titanfélagsins og árið 1952 keypti ríkissjóður Íslands vatnsréttindi Þjórsár af félaginu.¹⁵

Í dag eru sjö vatnsaflsstöðvar á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár: Búrfellsstöð, Sigöldustöð, Hrauneyjafossstöð, Sultartangastöð, Vatnsfellsstöð, Búðarhálsstöð og Búrfellsstöð II. Samanlagt afl stöðvanna er 1037 MW. Vatnsaflstöðvarnar eru tengdar uppistöðulónum sem safna vatni til miðlunar; Þórisvatnsmiðlun, Hágöngulón og Kvíslaveita. Auk þess eru minni miðlunarmannvirki við hverja aflstöð; Bjarnalón, Hrauneyjalón, Krókslón, Sultartangalón og Vatnsfellslón.¹⁶

BÚRFELLSSTÖÐ

1970, 270 MW að afli

Búrfellsstöð var fyrsta aflstöðin sem gangsett var í Þjórsá. Hún var byggð á árunum 1966-1972 og vígð árið 1970. Í fyrsta áfanga sem lauk árið 1969 voru þrjár vélar gangsettar og aflið 105 MW. Með seinni áfanga og þremur vélum til viðbótar sem gangsettar voru á árunum 1970-1972 varð stöðin 210 MW að afli. Við endurnýjun búnaðar stöðvarinnar á árunum 1997-1999 var afl stöðvarinnar aukið í 270 MW.¹⁷ Þjórsá, sem áður rann suður fyrir Búrfell, var stífluð um 1,5 km neðan við Klofaey og vatni veitt ofan fjallsins um skurði inn í Bjarnalón, inntakslón stöðvarinnar, og þaðan í göngum gegnum Sámsstaðamúla norðan Búrfells niður í Þjórsárdal, alls um 5 km leið. Stöðvarhús Búrfellsstöðvar stendur undir Sámsstaðamúla í Þjórsárdal og nýtir 115 m fallhæð. Frá hverflum í stöðvarhúsi, sem hýsir 6 aflvélar, fer vatnið um sográsir út í stuttan skurð og þaðan í Fossá sem rennur í Þjórsá tveimur

kílómetrum neðar.¹⁸ Arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson mótuðu tillögur að virkjunarmannvirkjum stöðvarinnar í samstarfi við bandaríska fyrirtækið Harza Engineering Company International í Chicago, sem sá um verkfræðilega hönnun og eftirlit með framkvæmdum.¹⁹ Á seinni stigum rekstrar kom teiknistofan Landslag, Finnur Kristinsson, að tillögum um aflstöðvasvæðið m.a. stígum, gróðri og frágangi.

BÚRFELLSSTÖÐ II

2018, 100 MW að afli

Búrfellsstöð II var átjándi aflstöð Landsvirkjunar og sú sjöunda við Þjórsá. Búrfellsstöð II nýtir vatn úr inntakslóni Búrfellsstöðvar, Bjarnalóni, en fyrstu áætlanir um stækkun Búrfellsstöðvar eru frá því um 1980. Úr inntakslóni er 370 metra langur aðrennslisskurður fram undir brún Sámsstaðakliffs að inntaki stöðvar. Þaðan fellur vatnið niður um 110 metra löng fallgöng að hverfli í neðanjarðar stöðvarhúsi sem knýr rafalinn. Frá stöðvarhúsinu, sem er 300 metra inni í Sámsstaðaklifi er vatninu veitt um 450 m löng frárennslisgöng út í 2,2 km frárennslisskurð sem leiðir það út í Fossá, um kílómetra frá stöðinni. Uppsett afl Búrfellsstöðvar II er 100 MW með einni vél en gert er ráð fyrir stækkun stöðvarinnar um allt að 40 MW. Verkís sá um verkfræðilega hönnun stöðvarinnar og voru VA arkitektar og Landark ráðgjafar á sviði mannvirkja- og umhverfishönnunar.²⁰ Á fyrri stigum verkhönnunar kom Landmótun að frumhugmyndum um svæðið.

SULTARTANGASTÖÐ

1999, 120 MW að afli

Sultartangastöð, sem er 15 km norðaustan við Búrfellsstöð, var reist á árunum 1997-2000 og tekin í notkun árið 1999. Stöðin nýtir vatn Tungnaár og miðlunarvatn Þórisvatns, sem hefur áður ofar í farveginum knúið vélar Vatnsfells-, Hrauneyjafoss- og Sigöldustöðva. Þá nýtir hún einnig rennslis Þjórsár en árnar tvær sameinast í Sultartangalóni fyrir ofan Sultartangastöð. Þar sem stöðin nýtir vatn víða að er stöðin ekki eins háð sveiflum í vatnsbúskap og flestar stöðvar. Sultartangastöð og Búrfellsstöð eru reknar saman og var Sultartangastífla byggð á árunum 1982-1984 m.a. til þess að auka rekstraröryggi Búrfellsstöðvar, draga úr ísskolun þar

¹³ Sigrún Pálsdóttir (ritstj.), 2005, bls. 53.

¹⁴ Sigrún Pálsdóttir (ritstj.), 2005, bls. 19-21.

¹⁵ „Vatnasvæði Þjórsár og Tungnaár“ *Morgunblaðið* 18. febrúar 1979, bls. 47-48.

¹⁶ Vefur Landsvirkjunar. <https://www.landsvirkjun.is> > fyrirtækið > aflstöðvar > Búrfellsstöð

¹⁷ Vefur Landsvirkjunar. <https://www.landsvirkjun.is> > fyrirtækið > aflstöðvar > Búrfellsstöð

¹⁸ Hugu Gunnarsdóttir, 2016, bls. 6.

¹⁹ Pétur H. Ármannsson, 2016, bls. 218.

²⁰ Vefur Landsvirkjunar. <https://www.landsvirkjun.is> > fyrirtækið > aflstöðvar > Búrfellsstöð II

og bæta við miðlun kerfisins. Eins og gert var ráð fyrir í upphafi var stíflan hækkuð samhliða byggingu Sultartangastöðvar. Við það stækkaði lónið úr 18 í 20 km². Sultartangastífla er lengsta stífla á Íslandi eða alls 6,1 km að lengd og mesta hæð hennar er 22 m. Um 3,4 km löng aðrennslisgöng liggja frá lóninu í gegnum Sandafell að jöfnunarþró suðvestan í fellinu. Við enda þróarinnar er inntak og þaðan liggja tvær stálpípur að hverflum í stöðvarhúsinu sem hýsir tvær aflvélar. Rúmlega 7 km langur frárennslisskurður liggur frá stöðvarhúsinu í rótum Sandafells og fylgir Þjórsá langleiðina að veitustíflu Búrfellsstöðvar þar sem skurðurinn liggur út í farveg Þjórsár. Heildarfallhæð er 44,6 m.²¹ Vinnustofa arkitekta hf. sá um arkitektahönnun stöðvarhússins og annarra mannvirkja í samstarfi við verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, sem annaðist tæknilega hönnun bygginga og rafbúnaðar.²²

BÚÐARHÁLSSTÖÐ

2014, 95 MW að afli

Búðarhálsstöð var gangsett árið 2014 og með henni er virkjað áður ónýtt 40 metra fall vatns frá Hrauneyjafossi að Sultartangalóni. Tvær jarðvegsstíflur mynda svokallað Sporðöldulón, lón Búðarhálsstöðvar. Önnur stíflan þverar farveg Köldukvíslar og hin frávatn Hrauneyjafossstöðvar og eru þær annars vegar 170 m og hins vegar 1.100 m langar og mesta hæð þeirra er um 25 m. Sporðöldulón er 7 km² að flatarmáli. Frá Sporðöldulóni liggja 4 kílómetra löng aðrennslisgöng sem leiða vatnið undir Búðarháls að inntaki stöðvarinnar. Stuttur frárennslisskurður er frá stöðvarhúsi út í Sultartangalón.²³ Arkitektar Búðarhálsvirkjunar voru Ormar Þór Guðmundsson, Garðar Guðnason og Sigurður Gústafsson hjá arkitektastofunni OG. Verkfræðihönnun var unnin af íslenskum verkfræðistofum. Verkfræðistofan Efla hf. sá um verkfræðilega hönnun mannvirkja ásamt því að hafa yfirumsjón með annarri hönnun. Verkfræðistofan Mannvit hannaði lokur og fallpípur og verkfræðistofan Verkís vélbúnað og húskerfi.²⁴ Landslag sá um landslagsmótun, þar hafði Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hönnunarumsjón.

²¹ Hugrún Gunnarsdóttir, 2016, bls. 10.

²² Pétur H. Ármannsson, 2016, bls. 218.

²³ Hugrún Gunnarsdóttir, 2016, bls. 10.

²⁴ Vefur Landsvirkjunar. <https://www.landsvirkjun.is> > fyrirtækið > aflstöðvar > Búðarhálsstöð

HRAUNEYJAFOSSSTÖÐ

1981, 210 MW að afli

Hrauneyjafoss var efsti virkjunarstaðurinn sem kom við sögu í áætlun Gotfreds Sætersmoens um orkuver á vatnasvæði Þjórsár fyrir Fossafélagið Titan árið 1918. Framkvæmdir hófust um sextíu árum síðar.²⁵ Með byggingu Hrauneyjafossstöðvar á árunum 1977 til 1981 var Tungnaá stífluð á fremur flötu landi um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og um 7 km neðan við Sigöldustöð. Hrauneyjafoss var 29 m hár foss í Tungnaá sem hrundi síðla vetrar árið sem vatn var tekið af honum. Hrauneyjafossstífla er 3 km löng lágreist jarðvegs- og grjótstífla sem teygir sig eftir hraunflákunum á suðurbakka árinna. Mesta hæð stíflunnar er 15 m. Með stíflugerðinni myndaðist Hrauneyjalón sem er 9 km² að flatarmáli. Um eins kílómetra langur aðrennslisskurður liggur frá lóninu í norður um lægð í Fossöldu að inntaki við norðurbrún öldunnar. Þaðan liggja þrjár stálpípur 272 m niður hlíðina að stöðvarhúsi. Frárennslisskurður er rúmlega eins kílómetra langur og liggur út í Sporðöldukvísl sem síðan rennur í Tungnaá.²⁶ Stöðvarhús Hrauneyjafossstöðvar hýsir þrjár aflvélar og nýtir 88 m fallhæð. Arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson voru fengnir til hönnunar stöðvarhússins og annarra mannvirkja og var verkfræðileg hönnun í höndum verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og hins svissneska Harza Engineering Company.²⁷ Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt sá um landslagsmótun á stöðvarsvæðinu.

SIGÖLDUSTÖÐ

1978, 150 MW að afli

Sigöldustöð var önnur stöðin sem var gangsett á Þjórsár- og Tungnaásvæði, í Tungnaá við Sigöldu. Undirbúningur hófst árið 1971 og framkvæmdir árið 1973. Fyrsta vél stöðvarinnar af þremur var gangsett árið 1977 og hinar tvær árið 1978.²⁸ Tungnaá er stífluð með Siguöldustíflu efst í gljúfrinu ofan við Sigöldu til að mynda miðlunarlónið Krókslón, þar sem áður var Króksvatn. Sigöldustífla er 0,9 km löng grjótstífla lögð malbiksklæðningu og er hæst 44 m. Úr Krókslóni er vatni veitt eftir kílómetra löngum aðrennslisskurði gegnum ölduna að inntaki á vesturbrún Sigöldu. Þaðan liggja þrjár 216 m langar þrýstivatnspípur, 4,3 m í þvermál, að stöðvarhúsinu sem stendur norðan gamla árfarvegarins og er að

²⁵ Pétur H. Ármannsson, 2016, bls. 223.

²⁶ Hugrún Gunnarsdóttir, 2016, bls. 8-9.

²⁷ Pétur H. Ármannsson, 2016, bls. 223-224.

²⁸ Vefur Landsvirkjunar. <https://www.landsvirkjun.is> > fyrirtækið > aflstöðvar > Sigöldustöð

hluta grafið inn í hlíð Sigöldu. Frá stöðvarhúsinu sem hýsir þrjár aflvélar og nýtir 74 m fallhæð, liggur 550 m langur frárennisskurður út í Hrauneyjalón²⁹ sem tengir Sigöldustöð við Hrauneyjafossstöð. Verkfræðileg hönnun Sigölduvirkjunar var í höndum svissneskrar verkfræðistofu, Electrowatt Engineering og Virkis h.f., sem var samsteypa íslenskra verkfræðistofa. Arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson teiknuðu stöðvarhús og önnur mannvirki og kom hönnunarvinnan einkum í hlut Guðmundar.³⁰

VATNSFELLSSTÖÐ

2001, 90 MW að afli

Framkvæmdir við Vatnsfellsstöð hófust sumarið 1999 og stóðu yfir í rúm tvö ár og var önnur tveggja véla stöðvarinnar gangsett í nóvember 2001.³¹ Vatnsfellsstöð nýtir fallið í veituskurðinum á milli Þórislóns og Krókslóns sem er uppistöðulón Sigöldustöðvar. Stöðin er svokölluð toppstöð og er aðeins í fullum rekstri yfir vetrarmánuðina þegar þörf er á miðlun vatns úr Þórisvatni. Þetta gerir það að verkum að ekki er þörf á sérstöku uppistöðulóni ofan stöðvarinnar. Vatnsfellslón tengist beint við Þórisvatn, við lokuvirki Vatnsfellsveitu. Vatnsfellsstífla er 720 m að lengd og mesta hæð hennar er 30 m. Tvær hjástíflur eru sunnan lónsins og er heildarlengd stíflna alls rúmlega kílómetri. Aðrennisskurður er 0,7 km langur og gengur úr lóninu við suðurenda stíflu að inntaki ofan stöðvarhúss. Frárennisskurður sem liggur frá stöðvarhúsi yfir í Krókslón er alls 2,7 km langur. Stöðin nýtir alls 65 metra fallhæð.³² Verkfræðileg hönnun mannvirkja stöðvarinnar var í höndum Hönnunar hf. og arkitektahönnun í höndum Glámu-Kím.³³ Landslag sá um landslagsmótun.

YFIRBRAGÐ SVÆÐIS OG MANNVIRKI

Þjórsár- og Tungnaárvæðið er stórbrotið. Aflstöðvar svæðisins eru lagðar í landið og mótaðar með tilliti til síns hlutverks og staðsetningar á jaðri hálendisins. Hver aflstöð hefur skýr höfundareinkenni og dregur dóm af hugmyndafræði og áherslum í arkitektúr sérhvers tíma en hálf öld líður frá byggingu elstu aflstöðvarinnar og þeirrar yngstu. Elstu stöðvarnar við Búrfell, Sigöldu og Hrauneyjafoss mynda ákveðna heild og eru hluti af höfundarverki arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar. Hönnun og teiknivinna var einkum á hendi Guðmundar og kom Ferdinand

Alfreðsson arkitekt ásamt Guðmundi að hönnun Hrauneyjafossstöðvar. Stöðvarhúsin þrjú eru hvert um sig kennileiti í landslaginu og standa tignarleg undir hlíð. Einkennandi er hrá steypa, einföld form og reitaskiptir fletir. Útfærsla sérhvers smáatriðis varðandi efnis- og litaval, áferðir og deililausnir eru nákvæmar og ígrundaðar jafnt að utanverðu sem innan.

Yngri aflstöðvar svæðisins má líta á sem ákveðin tilbrigði við grunnstef Búrfellsstöðvar, fyrstu jökulárvirkjunar á Íslandi. Hvert og eitt stöðvarhús dregur dóm af staðsetningu, umhverfi og áherslum hönnuða; í Sultartangastöð VA arkitekta, sem einnig eru arkitektar Búrfellsstöðvar II, í Búðarhálsstöð OG arkitekta og Glámu Kím arkitekta í Vatnsfellsstöð.

Flest mannvirki svæðisins eru steinsteypt og ómáluð og áferð steypunnar er ýmist hrá eða þússuð. Unnið er með ólíkar leiðir til að brjóta upp byggingarmassa stöðvarhúsa og skapa léttleika og hreyfingu, t.d. með rifflun steypu, notkun annars byggingarefnis til mótvægis við steypuna og ýmiss konar uppbot. Í tilfelli Búrfellsstöðvar gegnir listaverk Sigurjóns Ólafssonar, sem er hluti af burðarvirkinu, hlutverki í að skapa léttleika í einfaldri og efnismikilli framhlið byggingarinnar. Á framhlið stöðvarhúss Hrauneyjafoss og inntakshúsi Sultartangahúss eru verk úr stáli og í nágrenni stöðvarhúss Vatnsfellsstöðvar eru tvö útilistaverk sem eru hluti af heildarumhverfi aflstöðvarinnar. Sjá nánar um útilistaverk stöðvanna bls. 134.

Mannvirki sérhverrar aflstöðvar mynda eðli málsins samkvæmt ákveðna tæknilega heild, þar sem hvert mannvirki hefur skýrt hlutverk í heildinni: lón, stífla, inntak, lokur og stöðvarhús með hverflum, rafölum og spennum. Byggingarlistarlega koma áherslur hönnuða skýrast fram í stöðvarhúsunum en einnig öðrum mannvirkjum, sér í lagi inntaks- og lokuhúsum. Í tilfelli Búrfells- og Hrauneyjastöðva hönnuðu arkitektar stöðvarhúsanna einnig starfsmannahúsnæði í nágrenni við stöðvarhúsin.

Mannvirkjahönnun aflstöðva byggir á samstarfi milli verkfræðinga og arkitekta, sem auk þess að hanna mannvirkin, staðsetja mannvirkin í landinu og móta þau m.t.t. hlutverks og landslags. Oftar en ekki er þó búið að ákvarða staðsetningu

²⁹ Hugrún Gunnarsdóttir, 2016, bls. 8.

³⁰ Pétur H. Ármannson, 2016, bls. 221.

³¹ Vefur Landsvirkjunar. <https://www.landsvirkjun.is> > fyrirtækið > aflstöðvar > Vatnsfellsstöð

³² Hugrún Gunnarsdóttir, 2016, bls. 11.

³³ Pétur H. Ármannson, 2016, bls. 229.

mannvirkja áður en arkitektar koma að verkefninu. Eftir því sem líður á 20. öldina verður algengara að hafa landslagsarkitekta með í hönnunarteyminu. Búrfellsstöðvarsvæðið var að mestu mótað áður en Landslag kom þar að á seinni stigum rekstrar og vann tillögur að landslagmótun á stöðvarsvæðinu. Umhverfi Hrauneyjarfossstöðvar var á borði Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi hafði hönnunarumsjón með landslagmótun við Búðarhálsstöð og Vatnsfellsstöð. Landslagsarkitektastofan Landark vann að landslagmótun við Búrfellsstöð II, þar sem stöðvarhúsið er neðanjarðar en inntaks- og spennahús ofanjarðar.

ALMENNAR LEIÐBEININGAR

Þjórsá var fyrsta jökuláin á Íslandi sem var virkjuð til þess að framleiða rafmagn. Mannvirki Þjórsár- og Tungnaárvæðis endurspeglar því einstakan kafla í sögu mannvirkjagerðar á Íslandi og eru um leið vitnisburður um samspil verkfræði, byggingarlistar og landslagmótunar.

Með stefnumótun Landsvirkjunar og niðurstöðu varðveislumats að leiðarljósi er mælt með því að:

Öll stöðvarhús standi áfram og verði varðveitt sem næst upprunalegri mynd og hugað að varðveislu ytra sem innra byrðis, samspili þeirra við umhverfið og listaverk stöðvanna. Í þeim tilfellum sem inntakshús og önnur mannvirki eru í sterku samspili við stöðvarhús er lagt til að mannvirki stöðvar séu varðveitt sem heild.


Um mannvirki svæðisins í heild er lagt til að breytingum á yfirbragði mannvirkja verði haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum eða endurbótum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á upprunalegu efnisvali, frágangsdeilum og litavali.

Hugað verði að umhverfislegri sérstöðu og þeim heildum sem mannvirki aflstöðvanna móta. Vanda skal til allra breytinga og viðbygginga með það í huga að raska ekki sameiginlegum einkennum og heildarmynd mannvirkjanna í umhverfinu.

Komi til hönnunar og byggingar nýrra mannvirkja á Þjórsár- og Tungnaárvæði verði hugað að samhengi þeirra við núverandi mannvirki á þann hátt að ný mannvirki skyggi ekki á eða rýri gæði núverandi byggðar og umhverfis á annan hátt. Lagt er til að stærð, staðsetning og efnisval nýrra mannvirkja verði skilgreint með tilliti til núverandi byggðar og umhverfis.

Hugað verði að aðgengi almennings að mannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaárvæði í því augnamiði að stýra flæði fólks á svæðinu þannig að það fari vel saman við núverandi starfsemi aflstöðva á Þjórsár- og Tungnaárvæði.

Lagt er til að móta áætlun um heildstæða hönnun merkinga, skilta, bekkja, stíga, handriða, göngubrúa og annarra innviða svæðis, með það að markmiði að styrkja mannvirkjasvæðið sem áhugaverðan áningarstað fyrir almenning um leið og hugað er að öryggi almennings á svæðinu.




Merkt er inn á yfirlitskort úr safni Landsvirkjunar

BÚRFELLSSTÖÐ

BÚRFELLSSTÖÐ II

SULTARTANGASTÖÐ




BÚÐARHÁLSSTÖÐ

HRAUNEYJAFOSSTÖÐ

SIGÖLDUSTÖÐ

VATNSFELLSSTÖÐ



Merkt er inn á yfirlitskort úr safni Landsvirkjunar



BÚRFELLSSTÖÐ

1. Stöðvarhús
2. Útívirki
3. Tengivirki
4. Rofahús
5. Neyðarlokur
6. Kliflokuhús
7. Botnlokuhús
8. Stjórnlokur
9. Lokuvirki
10. Yfirfall

Ljósmynd: Loftmyndir ehf., 2013



BÚRFELLSSTÖÐ

- 11. Bílaverkstæði
- 12. Skemma I
- 13. Skemma II
- 14. Skemma III
- 15. Sámsstaðir 1 - 5
- 16. Sámsstaðir 6 - 10
- 17. Spennistöð Sámsstöðum 5
- 18. Mötuneyti / Starfsmannaíbúðir
- 19. Skeljastaðir 1 - 2
- 20. Skeljastaðir 6 - 7
- 21. Skeljastaðir 8
- 22. Skeljastaðir 9 - 11
- 23. Hesthús

Ljósmynd: Loftmyndir ehf., 2013



VINDRAFSTÖÐ I & II

- 24. Vindrafstöð I
- 25. Vindrafstöð II
- 26. Spennarými

Ljósmynd: Loftmyndir ehf., 2013



BÚRFELLSSTÖÐ II

- 27. Stöðvarhús neðanjarðar
- 28. Inntakshús
- 29. Spennahús
- 30. Borholuhús
- 31. Tækjahús vatnsöflunar
- 32. Vatnstankur

Ljósmynd: Loftmyndir ehf., 2013



SULTARTANGASTÖÐ

- 33. Stöðvarhús
- 34. Inntakshús
- 35. Tengivirki
- 36. Lokuvirki
- 37. Inntaksmannvirki
- 38. Blöðruhús
- 39. Yfirfall

Ljósmynd: Loftmyndir ehf., 2005



BÚÐARHÁLSSTÖÐ

- 40. Stöðvarhús
- 41. Inntakshús
- 42. Tengivirki
- 43. Inntaksmannvirki
- 44. Stífluhús
- 45. Yfirfall

Ljósmynd: Lofmyndir ehf., 2015



HRAUNEYJAFOSSTÖÐ

- 46. Stöðvarhús
- 47. Inntakshús
- 48. Tækjageymslur
- 49. Bensínskúr
- 50. Lokuvirki
- 51. Inntaksmannvirki
- 52. Rafstöðvarhús
- 53. Mötuneyti og starfsmannahús
- 54. Raðhús
- 55. Starfsmannahús

Ljósmynd: Loftmyndir ehf., 2015



SIGÖLDUSTÖÐ

- 56. Stöðvarhús
- 57. Tengivirki
- 58. Skúr
- 59. Inntaksmannvirki
- 60. Botnlökuhús
- 61. Yfirfall

Ljósmynd: Ljósmyndari óþekktur, 2013



VATNSFELLSSTÖÐ

- 62. Stöðvarhús
- 63. Tengivirkishús
- 64. Inntakshús
- 65. Botnlokuhús
- 66. Móðir jörð, Gjörningaklúbburinn, 2005
- 67. Tíðni, Finnbogi Pétursson, 2005

Ljósmynd: Ljósmyndari óþekktur, 2013

MANNVIRKJASKRÁ



Hönnuður: Gunnlaugur Halldórsson arkitekt og Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt í samstarfi við Harza Engineering Company
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Tvílyft og þrjár hæðir neðanjarðar	

Saga

Fyrsta aflvél Búrfellsstöðvar var gangsett árið 1969 og árið 1970 gangsetti Kristján Eldjárn forseti Íslands stöðina formlega. Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson voru arkitektar stöðvarhússins og annarra mannvirkja stöðvarinnar og fór vinna þeirra við hönnunina að mestu fram í Bandaríkjunum í samstarfi við verkfræðinga Harza Engineering Company International í Chicago, sem sáu um verkfræðilega hönnun. Upphaflega var gengið út frá léttbyggingu úr stáli en við íslenskar aðstæður reyndist hagkvæmara að byggja úr steinsteypu. Að tillögu arkitektanna var myndhöggvarinn Sigurjón Ólafsson fenginn til að móta lágmynd á framhlið stöðvarhússins og var tilurð þess hluti af sjálfri byggingarframkvæmdinni. Steinsteypt stöðvarhúsið er formhreint og einfalt. Innra skipulag og burðarvirki mynda órofa heild og skiptist framhlið hússins í sjö ferhyrnda fleti eftir föstu sniðmáti. Lágmyndin er hluti af sex flötum og á sjöunda fletinum eru þrjú djúpir gluggar. Steinsteypa hússins er ómeðhöndluð. Stöðvarhúsið er á fimm hæðum. Á jarðhæð er hlaðgólf sem tengt er anddyri. Hlaðgólf er tengt rafalagólfi þar sem veggir eru í ljósum lit með glanslakkáferð. Inn af því eru stjórnstöð og mælaherbergi. Neðar er hverflagólf með sex vélum, þá rafalagólf og neðsta gólf er sögrásagólf með inntakslokum að sniglum véla. Anddyri er tengt bakhlið stöðvarhússins, sem er skrifstofuálma í anda alþjóðlegs módernisma með léttu veggum utan á burðargind og stóra gluggafleti rammaða inn með álprófilum. Upphaflega einlyft en teikningar frá 1983 sýna hækkun í tvílyfta skrifstofuálmu. Á árunum 1996-1999 var vélbúnaður stöðvarinnar endurnýjaður og byggt yfir nýja rafstöð og loftræstingu við bakhlið stöðvarinnar. Árið 2011 var anddyri og skrifstofuálmu stöðvarhúss breytt í sýningarrými. Frá árinu 2015 hefur sýningin verið lokuð og nú stendur til að færa skrifstofurýmið aftur í fyrra horf.

Upphafleg notkun: Stöðvarhús
Núverandi notkun: Stöðvarhús

Helstu breytingar

1983: Hækkun skrifstofuhæðar
 1997-1999: Stækkun til austurs
 2011: Breyting innra fyrirkomulags

Hönnuðir breytinga

Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson
 Ferdinand Alfreðsson

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali, frágangsdeilum og litavali innanhúss og utan.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Merkur vitnisburður um byggingarlist í anda módernisma sem ber höfundarverki Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar gott vitni. Einföld og hrein form byggingarinnar mynda mótvægi við steinsteypta lágmynd Sigurjóns Ólafssonar og úr verður einstakt samspil myndlistar og byggingarlistar.

Menningsögulegt gildi: Hátt. Vitnisburður um stóran áfanga í verkmenningu við úrlausn fyrstu mannvirkja vatnsaflsvirkjunar í jökulá á Íslandi. Mannvirki Búrfellsstöðvar marka tímamót í atvinnu- og tæknisögu á Íslandi.

Umhverfisgildi: Hátt. Stöðvarhúsið situr tignarlegt við rætur Sámstaðamála.

Upprunaleg gerð: Hátt. Grunngerð húss óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Hefur verið vel við haldið.

Varðveislugildi: Hátt. Einfalt, formsterkt mannvirki. Merkur vitnisburður um byggingarlist í anda módernisma og einstakt samspil byggingar- og myndlistar.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götmyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Búrfellsstöð, horft úr norðvestri. Útivrki í forgrunni, 2019.



Stöðvarhús, horft úr norðvestri, 2019.



Norðvesturhorn stöðvarhúss, 2019.



Lágmyndir Sigurjóns Ólafssonar á framhlið stöðvarhúss, 2019.



Suðvesturhorn stöðvarhúss, 2019.



Austurhlið/bakhlíð stöðvarhúss, 2019.



Horft út um glugga skrifstofurymis, yfir austanvert þak stöðvarinnar, 2019.



Úr stjórnstöð, 2019.



Rafalagólf, 2019.



Nærmynd af vegg rafalagólfs, 2019.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Útivrki
Núverandi notkun: Útivrki

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa og stál	
Útveggir:		
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga

Saga

Útivrki reist árið 1969 skv. fasteignaskrá.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág. Einfalt iðnaðarmannvirki með sérhæft hlutverk.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar, sem marka tímamót í atvinnu- og tæknisögu á Íslandi.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar við bakka Fossár.

Upprunaleg gerð: Lág. Rafbúnaður hefur verið endurnýjaður.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.

Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkio njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Hönnuður: Ferdinand Alfreðsson arkitekt

Upphafleg notkun: Tengivirki
Núverandi notkun: Tengivirki

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Tengivirki sem reist er eftir teikningum Ferdinands Alfreðssonar arkitekts í tengslum við endurnýjun tækniþúnaðar Búrfellsstöðvar á árunum 1997-1999. Húsið er einangrað að innan. Loft og veggir plötuklædd.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnisvali og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt iðnaðarmannvirki í anda arkitektúrs s.hl. 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar við bakka Fossár.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.

Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Rofahús
Núverandi notkun: Rofahús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Klæðning:		
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga

Saga

Einfalt steinsteypt rofahús sem tengt útivirki Búrfellsstöðvar. Byggingarár útivirkis er 1969 samkvæmt fasteignaskrá.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.


Umhverfisgildi: Miðlungs. Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar við bakka Fossár.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.

Varðveislugildi: Lágt. Hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Hönnuður: Harza Engineering Company í samráði við arkitektana Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Lokuvirki
Núverandi notkun: Lokuvirki

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:		
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Á toppi Sámsstaðamúla eru tvö steinsteypt rammavirki fyrir lokutjakka. Á milli virkjanna er steinsteypt stjórnhús. Dekkplötur eru yfir jöfnunarþróm.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar sem marka tímamót í atvinnu- og tæknisögu á Íslandi.
Umhverfsgildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar og kallast á við stöðvarhúsið sem stendur undir Sámsstaðamúla.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs. Einfalt iðnaðarmannvirki og hluti af upprunalegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Hönnuður: Harza Engineering Company í samráði við arkitektana Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Inntaksmannvirki
Núverandi notkun: Inntaksmannvirki

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypa			
Útveggir:	Steinsteypa			
Þakgerð:	Flatt			
Þakklæðning:	Þakpappi			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft			

Saga

Steinsteypt inntaksmannvirki með þremur opum til aðrennslisganga, stjórnhús og lokuvirki sem fleytir reka framhjá inntakinu.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Sem hluti af upphaflegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar sem marka tímamót í atvinnu- og tæknisögu á Íslandi.
Umhverfisgildi: Hátt. Sem hluti af upphaflegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott ástand. Tími kominn á viðhald steinsteypu.
Varðveislugildi: Miðlungs. Einfalt iðnaðarmannvirki og hluti af upprunalegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaræðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Kliflokuhús séð úr austri, 2019.



Norðvesturhorn kliflokuhúss, 2019.




Suðvesturhorn kliflokuhúss, 2019.




Austurhlið kliflokumannvirkis, 2019.



Kliflokumannvirki, horft til suðausturs. Útvirki Búrfellsstöðvar II í fjarska, 2019.



Kliflokumannvirki, 2019.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Botnlokuhús
Núverandi notkun: Botnlokuhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	
Útveggir:	Timbur	
Þakgerð:	Skúrþak	
Þakklæðning:	Þakpappi	Bárujárn
Undirstöður:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
2018: Skipt um þak og þakklæðningu.	

Saga

Frá Bjarnalóni til Bjarnalækjar er steypt botnrás með tveimur opum. Ofan á botnrásinni er lítið stjórnhús úr timbri.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegri gerð.

Varðveislumat

- Byggingarlist:** Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki.
- Menningarsögulegt gildi:** Hátt. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Umhverfisgildi:** Hátt. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Upprunaleg gerð:** Miðlungs. Grunngerð óbreytt en viðhaldsbreytingar.
- Tæknilegt ástand:** Hátt. Gott ástand. Hefur verið vel viðhaldið.
- Varðveislugildi:** Lágt.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Stjórnlokur
Núverandi notkun: Stjórnlokur

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Stálvirki	
Útveggir:		
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga

Saga

Í veituskurði í Bjarnalóni er stjórnlokumannvirki sem stýrir vatnsrennsli inn í Bjarnalón og hindrar að ís berist inn í lónið. Stálvirki heldur uppi stjórnlokunum.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki með sérhæft hlutverk.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af upphaflegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar sem marka tímamót í atvinnu- og tæknisögu á Íslandi.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af upphaflegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott ástand. Hefur verið vel viðhaldið.

Varðveislugildi: Miðlungs.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Harza Engineering Company í samráði við Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Lokuvirki
Núverandi notkun: Lokuvirki

Gerð **Upphafleg** **Núverandi**

Byggingarefni: Steinsteypa

Útveggir:

Þakgerð: Flatt

Þakklæðning:

Undirstöður: Steinsteypa

Útlit:

Saga

Við Ísakot er stífla í farvegi Þjórsár við austurenda Bjarnalóns. Stíflan er með árlokur og auk þess búin sérstakri ísskolunarloku. Á árum áður þjónaði ísskolunarlokan því hlutverki að fanga ís og krpa og skola honum til hliðar svo hann bærisk ekki inn í Bjarnalón. Við stífluna er turn þaðan sem ís var vaktaður en í dag er hægt að stýra rennsli árinna betur og með tilkomu skurðar milli Sultartangastöðvar og Búrfellsstöðvar minnkaði framburður íss og krpa verulega og þar með þörfina fyrir ísskolunarloku. Á undanförunum árum hefur turninn, sem kallaður er Ísakot, verið nýttur til þess að fylgjast með fuglum í tengslum við tilraunir með vindmyllur á Hafinu.

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Stílhreint iðnaðarmannvirki með sérhæft hlutverk.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar sem marka tímamót í atvinnu- og tæknisögu á Íslandi. Mannvirkið endurspeglar sérstöðu við virkjun fyrstu jökulár á Íslandi.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Miðlungs. Mannvirkið er mjög veðrað og tími kominn á endurbætur steinsteypu.

Varðveislugildi: Miðlungs. Einfalt módernískt iðnaðarmannvirki og hluti af upprunalegri heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Turn lokuvirkis, horft úr vestri, 2019.



Turn lokuvirkis, horft úr norðvestri, 2019.



Lokuvirki og turn, horft til norðvesturs, 2019.



Lokuvirkishús, horft úr norðri, 2019.



Horft yfir svæðið til suðvesturs, 2019.



Inni í turni lokuvirkis, 2019.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Yfirfall
Núverandi notkun: Yfirfall

Gerð **Upphafleg** **Núverandi**
Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstöður:
Útlit:

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Steinsteyp yfirfall.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
Umhverfsgildi: Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
Upprunaleg gerð: Hátt.
Tæknilegt ástand: Hátt.
Varðveislugildi: Miðlungs.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Díselrafstöðvarhús
Núverandi notkun: Verkstæði

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Tegund:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Bárujárnr	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	Einlyft, með millilofti að hluta

Saga

Fyrsta mannvirknið sem var reist á svæði Búrfellsstöðvar. Hýsti upphaflega díselrafstöðvar sem voru í notkun á byggingartíma aflstöðvarinnar. Hýsir nú verkstæði. Milliloft er í hluta hússins, lagerkoma og skrifstofuafdreip.

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Breytingar á útliti, gluggasetning og dyraop	

Tillaga / leiðbeiningar

Lagt er til að húsið verði lagfært og taki mið af upprunalegri gerð.

Varðveislumat

- Byggingarlist:** Lágt. Einfalt verkstæðishús.
- Menningarsögulegt gildi:** Miðlungs. Sem hluti af heild upphaflegra mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Umhverfisgildi:** Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Upprunaleg gerð:** Miðlungs. Breytingar á gluggasetningu og ný dyraop.
- Tæknilegt ástand:** Lágt. Þarfnast viðhalds.
- Varðveislugildi:** Miðlungs.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun



Upphafleg notkun: Verkstæði
Núverandi notkun: Verkstæði og geymsla

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	
Útveggir:	Málmklæðning	
Þakgerð:	Bogaþak og skúrþak	
Þakklæðning:	Bárújárn	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Saga

Einlyftur braggi með bísalagi. Hefur haft ýmis hlutverk, nú trésmíðaverkstæði, aðstaða fyrir sumarstarfsfólk og geymsluhúsnæði.

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
-------------------	--------------------

Tillaga / leiðbeiningar

Lagt er til að breytingar og endurbætur taki mið af upprunalegri gerð.

Varðveislumat

- Byggingarlist:** Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki.
- Menningarsögulegt gildi:** Miðlungs. Sem hluti af heild upphaflegra mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Umhverfisgildi:** Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Upprunaleg gerð:** Hátt. Óbreytt.
- Tæknilegt ástand:** Miðlungs. Gott ástand.
- Varðveislugildi:** Miðlungs.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Verkstæði
Núverandi notkun: Geymsla

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	
Útveggir:	Málmklæðning	
Þakgerð:	Bogaþak og skúrþak	
Þakklæðning:	Bárujárn	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar
2018: Ný innkeyrsluhurð

Hönnuðir breytinga

Saga

Einlyftur braggi með bísalagi. Reistur á byggingartíma Búrfellsstöðvar fyrir verktaka. Hefur haft ýmis hlutverk gegnum tíðina, er nú nýtt sem verkstæði og geymsluhúsnæði.

Tillaga / leiðbeiningar

Lagt er til að breytingar og endurbætur taki mið af upprunalegri gerð.

Varðveislumat

- Byggingarlist:** Lág. Einfalt iðnaðarmannvirki.
- Menningarsögulegt gildi:** Miðlungs. Sem hluti af heild upphaflegra mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Umhverfisgildi:** Miðlungs. Sem hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Upprunaleg gerð:** Hátt. Óbreytt.
- Tæknilegt ástand:** Miðlungs. Gott.
- Varðveislugildi:** Miðlungs.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Geymsla
Núverandi notkun: Geymsla

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Stálgrindarhús	
Útveggir:	Málmklæðning	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Málmklæðning	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Stálgrindarhús reist árið 1985. Byggt sem geymsluhúsnæði. Veggur úr bárujárni afmarkar svæði í kringum skemmuna, sem myndar eins konar geymslusvæði. Innan þess svæðis eru meðal annars gámar, skúrar og eldsneytistankur á steypu yfirborði.

Tillaga / leiðbeiningar

Lagt er til að fjarlægja skjólvegg úr timbri norðan skemmu og vegg úr bárujárni sem afmarkar svæði í kringum skemmuna. Útfæra þyrfti geymslurými og -svæði á vist- og haganlegri hátt.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág. Einföld skemma með yfirbragð bráðabirgðamannvirkis.
Menningarsögulegt gildi: Lág.
Umhverfisgildi: Lág.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott ástand.
Varðveislugildi: Lág.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson á grunni staðlaðra eininga
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timburhús	
Útveggir:	Múrsteinsklætt að hluta	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Saga

Arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson höfðu umsjón með skipulagi Búrfellssvæðis og staðarvali bygginga. Til er teikning eftir þá frá 1965 að íbúðarhúsi stöðvarstjóra. Ekki var byggt eftir teikningunni og afréð Landsvirkjun að kaupa verksmiðjuframleidd hús erlendis frá, sem standa nú á uppbyggðum bakka við götuna Sámstaði, sem sveigð er eftir landslaginu. Eftir vettvangsferð til Norðurlanda lögðu arkitektarnir til kaup á timburhúsum af finnskum framleiðanda, og voru fimm slík íbúðarhús reist, hvert með samtengdan bílskúr. Arkitektarnir höfðu áhrif á útfærslu húsanna, eins og sérteikningar bera vott um, til að mynda gluggasetningu, efnis- og litaval, hönnun innréttinga auk þess að laga húsinn að umhverfinu. Gul múrsteinsklæðning er á norður og suður gaffli húsanna. Grunngerð húsanna er óbreytt, en innra fyrirkomulagi hefur verið breytt og hverju íbúðarhúsi skipt í tvær íbúðir.

Upphafleg notkun: Starfsmannaíbúð
Núverandi notkun: Starfsmannaíbúð

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Breyting innra fyrirkomulags	Ferdinand Alfreðsson

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangsdeilum. Einnig að viðhalda hæð og legu húsanna í landinu og gæta að heildarásýnd þeirra.

Varðveislumat

- Byggingarlist:** Lágt. Einfalt íbúðarhús úr timbri, múrsteinsklætt að hluta.
- Menningarsögulegt gildi:** Miðlungs. Sem hluti af atvinnu- og iðnaðarsögu og hluti af heild upphaflegra mannvirkja Búrfellsstöðvar.
- Umhverfisgildi:** Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar og fellur vel að landslagi.
- Upprunaleg gerð:** Miðlungs. Grunngerð húss óbreytt, en breytingar á innra fyrirkomulagi.
- Tæknilegt ástand:** Miðlungs.
- Varðveislugildi:** Miðlungs. **Sem hluti af heild.**

Verndarflokkur: Lagt er til að húsinn njóti verndar í gulum flokki: Samstæður hús og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Suðausturgafli íbúðarhúss og bílskúrs, 2019.



Íbúðarhús úr austri, 2019.



Íbúðarhús úr norðaustri, 2019.



Norðvesturgafli íbúðarhúss, 2019.



Suðvesturhlíð íbúðarhúss, 2019.



Innangengt er milli bílskúrs íbúðarhúss, 2019.



Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson á grunni staðlaðra eininga

Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Saga

Arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson höfðu umsjón með skipulagi Búrfellssvæðis og staðarvali bygginga. Til er teikning eftir þá frá 1965 að íbúðarhúsi stöðvarstjóra. Ekki var byggt eftir teikningunni og afréð Landsvirkjun að kaupa verksmiðjuframleidd hús erlendis frá, sem standa nú á uppbyggðum bakka við götuna Sámsstaði, sem sveið er eftir landslaginu. Eftir vettvangsferð til Norðurlanda lögðu arkitektarnir til kaup á timburhúsum af finnskum framleiðanda og voru fimm slík íbúðarhús og bílskúrar reist við Sámsstaði 1-5. Arkitektarnir höfðu áhrif á útfærslu húsanna, eins og sérteikningar bera vott um, til að mynda gluggasetningu, efnis- og litaval, hönnun innréttinga auk þess að laga húsinn að umhverfinu. Síðar voru reist fimm steinsteypt íbúðarhús á grunni sömu teikninga við Sámsstaði 6-10. Grunngerð húsanna er óbreytt, en innra fyrirkomulagi hefur verið breytt og hverju íbúðarhúsi skipt í tvær íbúðir.

Upphafleg notkun: Starfsmannaíbúð

Núverandi notkun: Starfsmannaíbúð

Helstu breytingar

Breyting innra fyrirkomulags

Hönnuðir breytinga

Ferdinand Alfredsson

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangsdeilum. Einnig að viðhalda hæð og legu húsanna í landinu og gæta að heildarásýnd þeirra.

Varðveislumat

Byggingarlist: Einfalt steinsteypt íbúðarhús byggt á teikningum verksmiðjuframleiddra timburhúsa.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Sem hluti af atvinnu- og iðnaðarsögu og hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar og fellur vel að landslagi.

Upprunaleg gerð: Hátt. Grunngerð húss óbreytt en breytingar á innra fyrirkomulagi.

Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott.

Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsinn njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Suðurgafli íbúðarhúss, 2019.



Norðurgafli íbúðarhúss, 2019.




Vesturhlið íbúðarhúss, 2019.



Suðurgafli íbúðarhúss, 2019.



Íbúðarhús og bílskúr horft úr suðaustri, 2019.



Svarbrúnt timbur og hvítmáluð steypa samkvæmt upprunalegri litapallettu.



Hönnun: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Spennistöð
Núverandi notkun: Spennistöð

Upphafleg gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	
Útveggir:	Múrsteinsklæðning	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar Hönnuðir breytinga

Saga

Spennistöð byggð með íbúðum Sámstaða liggur að og dregur dóm af bílskúr Sámstaða nr. 5. Mannvirkið fellur inn í múrsteinsklæddan norðurgafli hússins.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Einfalt mannvirki með afmarkað hlutverk.

Menningarsögulegt gildi: Lágt.

Umhverfsgildi: Lágt.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott.

Varðveislugildi: Lágt. Hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Mötuneyti og starfsmannahús
Núverandi notkun: Mötuneyti og starfsmannahús

Upphafleg gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Þakpappi	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Tvílyft	

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
2009: Breytt gluggasetning, matsalur	Ferdinand Alfreðsson
2015: Vörumóttaka við eldhús	
2018: Breyting innra fyrirkomulags, mötuneyti	

Saga

Á grunni skipulags og staðarvals bygginga sem Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson höfðu gert fyrir Búrfellsstöðvarvæðið gerðu Guðmundur og Ferdinand Alfreðsson uppdrætti árið 1980 að mötuneyti og starfsmannahúsi. Byggingin reis á árunum 1980-1982. Auk mötuneytis eru þar gistiherbergi fyrir starfsfólk. Upphaflega var í húsinu ráðsmannsbúð, sem hefur verið breytt í þrjú stór gistiherbergi. Til stendur að byggja yfir sorptunnuskýli. Á 10. áratugnum kom Landslag, Finnur Kristinsson, að gerð tillagna um gróður, göngustíga og frágang á Búrfellsstöðvarvæðinu.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Vandað starfsmannahús í anda níunda áratugar.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Sem hluti atvinnu- og iðnaðarsögu og hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellssöðvar. Liggur í landhalla og fellur vel að landslaginu.

Upprunaleg gerð: Hátt. Grunngerð húss óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.

Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Aðkoma að mötuneyti og starfsmannahúsi, úr norðri, 2019.



Norðausturhlið mötuneytis og starfsmannahúss, 2019.



Suðurgafll starfsmannahúss, 2019.



Mötuneyti og starfsmannahús, horft úr austri, 2019.



Suðvesturhlið starfsmannahúss, 2019.



Starfsmannahús, horft úr vestri, 2019.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Íbúðarhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	
Útveggir:	Timbur	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Málmklæðning	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Starfsmannahús voru hluti af mannvirkjagerð við Búrfellsstöð og urðu erlend verksmiðjuframleidd hús fyrir valinu. Við Skeljastaði 1 og 2 voru reist tvö timburhús eftir teikningum sem eru með norskum skýringartexta sem gætu gefið til kynna að húsin séu frá norskum framleiðanda. Grunngerð húsanna er óbreytt. Á rekstrartíma stöðvar hefur teiknistofan Landslag, Finnur Kristinsson, komið að tillögum um svæðið m.a. stígum, gróðri og frágangi við Skeljastaði.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt og láttlaust íbúðarhús.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af upphaflegum mannvirkjum við Búrfellsstöð og hluti af iðnaðar- og atvinnusögu.
Umhverfsgildi: Miðlungs. Hluti af heild.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott.
Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsin njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Íbúðarhús, horft úr austri, 2019.



Norðvesturhorn íbúðarhúss, 2019.



Íbúðarhús, horft úr suðvestri, 2019.



Suðaasturhorn íbúðarhúss, 2019.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

gerðar
Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Gestahús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	
Útveggir:	Timbur	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Einlyft timburhús úr moelven-einingum. Afstöðumynd Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar af Skeljastöðum frá árinu 1979 sýnir þrjú hús vestan götu (nr. 9, 10, 11) sem nú standa við Skeljastaði 9-11. Austan götu eru sýnd eins hús (nr. 4, 5, 6, 7, 8). Síðar hefur verið horfið frá því að reisa öll húsin í sömu mynd. Teikningar Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar frá 1988 sýna íbúðarhús úr moelven-einingum sem síðar risu við Skeljastaði 6-7. Húsin eru nú gestahús með samanlagt u.þ.b. 30 eins manns herbergi.

Húsin voru gerð upp og breytingar gerðar á þaki í kringum 2010. Á rekstartíma stöðvar hefur teiknistofan Landslag, Finnur Kristinsson, komið að tillögum um svæðið m.a. stígum, gróðri og frágangi við Skeljastaði.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág. Einfalt timburhús með yfirbragð bráðabirgðamannvirkis.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Sem hluti atvinnu- og iðnaðarsögu.

Umhverfsgildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott.

Varðveislugildi: Lág. Hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsin njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Gestahús, vesturgafi, 2019.



Gestahús, suðurhlið, 2019.



Gestahús, horft úr norðaustri, 2019.



Gestahús, norðurhlið, 2019.



Gestahús, horft úr norðvestri, 2019.



Skeljastaðir 6 og 7 í forgrunni, horft úr suðri. Skeljastaðir 9 - 11 í bakgrunni, 2019.



Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson arkitektar

Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Málmklæðning	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Saga

Upphaflega byggt sem íbúðarhús eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar. Teikningar frá 1999 sýna hugmyndir um breytingar á húsinu í skrifstofuhúsnæði. Í húsinu í dag eru skrifstofur fyrir allar stöðvar á Þjórsár- og Tungnaárvæðis. Árið 2007 var byggt við húsið og í viðbyggingu er stjórnherbergi og fundarherbergi fyrir allar aflstöðvar Þjórsár- og Tungnaárvæðis. Húsið gengur undir nafninu Áttan. Á rekstrartíma stöðvar hefur teiknistofan Landslag, Finnur Kristinsson, komið að tillögum um svæðið m.a. stígum, gróðri og frágangi við Skeljastaði.

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Núverandi notkun: Skrifstofuhús

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

1999: Breyting innra fyrirkomulags og breytt notkun

2007: Stækkun, viðbygging

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Vandað íbúðarhúsnæði frá 8. áratug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Sem hluti af atvinnu- og iðnaðarsögu og heild mannvirkja.

Umhverfsgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Upprunaleg gerð: Hátt. Grunngerð óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott. Endurnýjað, viðgert og málað árið 2018.

Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Inngangur að skrifstofuhúsnæði, horft úr norðvestri, 2019.



Vesturgafi skrifstofuhúsnæðis, 2019.



Suðurhlið skrifstofuhúsnæðis, 2019.



Suðurhlið skrifstofuhúsnæðis, 2019.



Austurhlið skrifstofuhúsnæðis, 2019.



Norðurgafi skrifstofuhúsnæðis, 2019.



Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson arkitektar

Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Málmklæðning	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Saga

Eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar risu árið 1979 fjögur íbúðarhús við Skeljastaði, sem var ný gata á Búrfellsstöðvarsvæðinu. Íbúðum við Skeljastaði 9 og 11 hefur verið skipt í tvær íbúðir en íbúðin Skeljastöðum 10 er óbreytt. Þar er nú aðsetur stöðvarstjóra Búrfellsstöðvar. Á rekstrartíma stöðvar hefur teiknistofan Landslag, Finnur Kristinsson, komið að tillögum um svæðið m.a. stígum, gróðri og frágangi við Skeljastaði.

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Núverandi notkun: Íbúðarhús

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
2006: Breyting innra fyrirkomulags	Ferdinand Alfreðsson

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Vandað íbúðarhúsnæði frá 8. áratug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Sem hluti af atvinnu- og iðnaðarsögu og heild mannvirkja.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.

Upprunaleg gerð: Hátt. Grunngerð óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand. Endurnýjað, viðgert og málað árið 2018.

Varðveislugildi: Miðlungs. Sem hluti af heild.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsinn njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Íbúðarhús, horft úr norðvestri, 2019.



Vesturgafi íbúðarhúss, 2019.



Suðurhlið íbúðarhúss, 2019.



Austurgafi íbúðarhúss, 2019.



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Óþekkt

Upphafleg notkun: Hesthús og hlaða
Núverandi notkun: Hesthús og fjárhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timburhús	
Útveggir:	Málmklæðning	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Bárujárn	
Undirstöður:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Einfalt bárujárnsklætt hesthús og hlaða sem reist var árið 1990 samkvæmt fasteignaskrá. Er nú nýtt sem hesthús og fjárhús.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt mannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af landbúnaðarsögu svæðis.
Umhverfigildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Miðlungs. Gott.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Enercon
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Vindrafstöð
Núverandi notkun: Vindrafstöð

Gerð **Upphafleg** **Núverandi**

Byggingarefni: Stál
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstöður: Steinsteypa
Útlit:

Saga

Vindrafstöðvar hannaðar og framleiddar af Enercon og reistar á Hafinu eftir útboðsteikningum VSÓ á árunum 2013-2014. Vindrafstöðvarnar voru settar upp í rannsóknar- og þróunarskyni til að afla upplýsinga um vindrafstöðvar og nýtingu vindorku til raforkuöflunar í íslensku umhverfi. Ekki er fyrirhugað að vindrafstöðvarnar standi til frambúðar á Hafinu.

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Tillaga / leiðbeiningar

Fjarlægja þegar rannsóknarverkefni vindrafstöðva á Hafinu er lokið.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág. Staðlað iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af þróun vindorkuvirkjunar á Íslandi.
Umhverfisgildi: Lág. Mannvirkin eru háreist og skera sig úr í víðáttumiklu umhverfinu.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt.
Varðveislugildi: Lág.

Verndarflokkur:



Hönnuður: Óþekkt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Spennarými
Núverandi notkun: Spennarými

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Stál	
Útveggir:		
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:		
Undirstöður:		
Útlit:		

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Stálgámur yfir spenna fyrir vindrafstöðvar á Hafinu. Endurnýjaður gámur var settur upp árið 2018.

Tillaga / leiðbeiningar

Fjarlægja þegar rannsóknarverkefni vindrafstöðva á Hafinu er lokið.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Lágt.
Umhverfsgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt.
Tæknilegt ástand: Hátt.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:



Hönnuður: VA arkitekta og Landark í samstarfi við Verkís
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Stöðvarhús
Núverandi notkun: Stöðvarhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Neðanjarðar	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands lagði hornstein að Búrfellsstöð II í júní 2018. Á hönnunarstigi voru unnar tvær tillögur að stöðvarhúsinu. Önnur fól í sér að stöðvarhúsið væri neðanjarðar í Sámsstaðaklifi og hin að það væri ofanjarðar, við rætur Sámsstaðaklifs. Tillögurnar voru bornar saman og voru þær metnar jafngildar tækni-, framkvæmdar- og kostnaðarlega. Neðanjarðarkostur varð fyrir valinu, en umhverfisáhrif voru metin minni og rekstrarkostnaður áætlaður lægri til lengri tíma. Stöðvarhúsið er því staðsett nokkur hundruð metra inni í Sámsstaðaklifi með aðkomu um jarðgöng. VA arkitekta og Landark hönnuðu stöðvarhús, aðkomu og önnur mannvirki í samstarfi við Verkís. Á fyrri stigum verkhönnunar kom Landmótun að frumhugmyndum um svæðið. Pétur Jónsson hjá Landark kom að hönnun umhverfis og landmótunar og sá um útboðshönnun fyrir landslagsmótun. Richard Briem hjá VA arkitektum var aðalarkitekt verkefnisins. Lágir aðkomustoðveggir hækka þegar nær kemur aðkomumunnum og veggirnir hverfa inn í fjallið. Bogalaga form einkenna aðkomuna. Aðkomustoðveggir eru úr vistvænni steypu og verður fylgst með því hvernig steypunni reiðir af í íslenskri veðráttu. Um er að ræða rannsóknar- og þróunarverkefni undir stjórn Ólafs Walleik verkfræðings og forstöðumanns Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Neðanjarðar mannvirki samsamast náttúrunni á yfirborðinu.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Atvinnu- og iðnaðarsaga, nýsköpun í þróun og notkun byggingarefna. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.
Varðveislugildi: Miðlungs. Neðanjarðarmannvirki sem ber vott um áherslu á að fella orkumannvirki að og inn í umhverfi.

Verndarflokkur:

Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Aðkomustoðveggur, séð að ofan, 2019.



Aðkoma og inngangur, 2019.



Sléttir, steypfir veggir í gangnamannvirki, 2019.




Bergveggir í gangnamannvirki, 2019.



Steypfir veggur og bergveggur í gangnamannvirki, 2019.



Hlaðgólf, 2019.



Hönnuður: VA arkitektar og Landark í samstarfi við Verkís
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Inntakshús
Núverandi notkun: Inntakshús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Skúrþak	
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Inntakshús fyrir Búrfellsstöð II sem er staðsett við brún Sámsstaðaklifs. Þaðan fellur vatn niður um 110 metra löng fallgöng að stöðvarhúsinu, sem er staðsett nokkur hundruð metra inni í Sámsstaðaklifi.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfsgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar II.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.
Varðveislugildi: Miðlungs.

Verndarflokkur:



Vesturhlið inntakshúss, 2019.



Vesturhlið inntakshúss, 2019.



Suðurhlið inntakshúss, 2019.




Inntakshús horft úr suðaustri, 2019.



Norðurhlið inntakshúss, 2019.



Inntakshús og útivirki séð úr norðvestri, 2019.



Hönnuður: VA arkitektar og Landark í samstarfi við Verkís
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Útivistirki
Núverandi notkun: Útivistirki

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar **Hönnuðir breytinga**

Saga

Spennahús við brún Sámsstaðaklifs. Til stendur að steina húsið að utan til að auðvelda gróðri að setjast á yfirborð hússins þannig að það falli betur að umhverfinu.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfsgildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar II.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.
Varðveislugildi: Miðlungs.

Verndarflokkur:



Útírvíkismannvirki, horft ú norðvestri, 2019.



Suðvesturhorn útírvíkismannvirkis, 2019.



Suðausturhorn útírvíkismannvirkis, 2019.



Austurhlið útírvíkismannvirkis, 2019.



Útírvíkismannvirki, horft ú norðaustri, 2019.



Norðurhlið útírvíkismannvirkis. Inntaksmannvirki í forgrunni, 2019.



Hönnuður: VA arkitektar og Landark í samstarfi við Verkís.
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Borholuhús
Núverandi notkun: Borholuhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga

Saga

Steinsteypt borholuhús. Grjót er hlaðið upp að og yfir steypa útveggi. Mannvirkið er einnig kallað Vatnseyri.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar II.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:



Hönnuður: VA arkitektar og Landark í samstarfi við Verkís
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Tækjahús
Núverandi notkun: Tækjahús

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
-------------------	--------------------

Saga

Steinsteypt mannvirki fyrir vatnsöflunartæki reist eftir teikningum VA arkitekta. Mannvirkið er einnig kallað Snorralaus.


Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs.
Umhverfsgildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar II.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:



Hönnuður: VA arkitektar og Landark í samstarfi við Verkís
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Vatnstankur
Núverandi notkun: Vatnstankur

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:		
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga

Saga

Steinsteypt mannvirki yfir vatnstank. Grjót er hlaðið upp að og yfir steypa útveggi.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág. Einfalt iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Búrfellsstöðvar II.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott.
Varðveislugildi: Lág.

Verndarflokkur:



Hönnuður: VA arkitektar í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen

Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:	Kortenstál	
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Saga

Sultartangastöð var vígð í júní 2000 að viðstaddri Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra. Stöðvarhús Sultartangavirkjunar er inngrafið í þröngri kvos og hafði staðsetningin verið ákveðin áður en arkitektarnir komu að hönnuninni. VA arkitektar sá um arkitektahönnun stöðvarhússins í samvinnu við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Í hönnun stöðvarhússins, sem hýsir tvær vélar, er áhersla á samspil ólíkra byggingarefna utan og innanvert jafnt í stórum dráttum sem smáatriðum. Byggingin er úr hrárrí sjónsteypu. Þak vélasalarins er úr léttu efni og þakkrónan, sem er kortenstálsklædd, virðist eins og kóróna á byggingunni. Ryðið úr þakinu smitast yfir á steypuna og líkist útfellingum efnis í umhverfinu. Fínlegt stálvirki í göngubrúum, gólfum, stiga og handriði innanvert í stöðvarhúsinu myndar mótvægi við einfaldan, rúman og hráan vélasalinn. Stálplötuklæðningar eru í þaki og einnig hurðum og innréttingum. Spennar standa framan stöðvarhússins og er aðgreint á milli þeirra með fínlegu stálvirki. Þýska fyrirtækið Sulzer Hydro var í forsvari fyrir framleiðendur véla og rafbúnaðar stöðvarinnar.

Upphafleg notkun: Stöðvarhús

Núverandi notkun: Stöðvarhús

Helstu breytingar	Hönnuðir breytingar
-------------------	---------------------

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga á ytra eða innra byrði er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangsdeilum. Sem dæmi eru kortenstál, stálvirki og stálplötur mikilvægur hluti af heildarhönnun hússins. Stálgrindur sem ramma inn spenna við framhlið stöðvarhússins hafa verið teknar niður að stórum hluta. Lagt er til að finna leið til að setja stálgrindurnar aftur upp.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Atvinnu- og virkjunarsaga. Hluti af heild mannvirkja.

Umhverfisgildi: Hátt. Inngrafið í þröngri kvos.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.

Varðveislugildi: Hátt. Vandað iðnaðarmannvirki í þröngri kvos, einkennist af samspili ólíkra byggingarefna og myndar heild með inntakshúsi.


Verndarflokkur: Tillaga að verndarákvæði: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Stöðvarhús og inntakshús séð úr suðvestri, 2019.




Norðausturhlið og þak stöðvarhúss, 2019.



Vesturhorn stöðvarhúss. Inntakshús í baksýn, 2019.



Suðvesturhlið stöðvarhúss, 2019.




Suðurhorn stöðvarhúss, 2019.



Norðausturhlið stöðvarhúss, 2019.



Hlaðgólf stöðvarhúss, 2019.



Rafalagólf stöðvarhúss, 2019.



Rafalhús, 2019.



Stálplötuklæðning á innréttingum kaffistofu, 2019.



Stálplötur og steinsteypa innanvert í stöðvarhúsi, 2019.



Steinsteypa innanvert í stöðvarhúsi, 2019.



Hönnuður: VA arkitektar í samstarfi við verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen

Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:		

Saga

Beint upp af stöðvarhúsinu stendur inntakshúsið og saman mynda byggingarnar sterka heild. Þak hússins er einnig aðkomupallur og gengið er niður stiga til að ganga inn í bygginguna frá austurhlíð þess.

Tillaga Sigurðar Árna Sigurðssonar var valin í samkeppni um gerð listskreytingar á vegg inntakshúss stöðvarinnar. Verkið heitir Sólalda og er úr stálpötum sem standa út úr veggnum og mynda bylgju. Fremst á hverri plötu er gat sem varpa samskonar ljóspunkti í skugga hvernar plötu undir hádegissól. Mannvirkið er ekki skráð sérstaklega í mannvirkjaskrá heldur sem hluti af stöðvarhúsi.

Upphafleg notkun: Inntakshús

Núverandi notkun: Inntakshús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga á ytra eða innra byrði hússins er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangsdeilum. Þakrymi inntakshússins er eins konar aðkomupallur. Þaðan er hægt er að standa uppi á þar til gerðri plötu og njóta útsýnis til suðurs og einnig á listaverkið. Huga má að því hvernig leysa mætti þakrymið enn betur sem útsýnisstað um leið og öryggis er gætt.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Atvinnu- og virkjunarsaga. Hluti af heild mannvirkja Sultartangastöðvar.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Hluti af heild.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott

Varðveislugildi: Hátt. Vandað iðnaðarmannvirki sem myndar heild með stöðvarhúsi.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Suðvesturhlið inntakshúss, ofan stöðvarhúss, 2019.



Norðausturhlið inntakshúss. Búrfell í fjarska, 2019.




Norðvesturhlið inntakshúss, þak stöðvarhúss og frárennisskurður í baksýn, 2019.



Norðausturhlið inntakshúss myndar aðkomu- og útsýnispall, 2019.



Steypt þak inntakshús myndar aðkomupall, horft til suðvesturs. Búrfell í fjarska, 2019.



Séð frá aðkomupalli yfir stöðvarhús á hluta listaverks á inntakshúsi, 2019.



Hönnun: VA arkitektar í samstarfi við verkfræðistofu Sigurðar Thorodssen

Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	
Útveggir:	Steinsteypt	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypt	
Útlit:		

Saga

Einfalt iðnaðarmannvirki sem er byggt yfir tengivirki stöðvarinnar. Mikil lofthæð er á jarðhæð og úr lágum kjallara ganga stigagöng niður í strengjagöng sem tengjast stöðvarhúsinu. Tengivirkið var stækkað árið 2005 og gert er ráð fyrir frekari stækkun tengivirkisins.

Upphafleg notkun: Tengivirkishús

Núverandi notkun: Tengivirkishús

Helstu breytingar

2005: Stækkun

Hönnuðir breytinga

VA arkitektar

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga á ytra eða innra byrði er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Einfalt formfast iðnaðarmannvirki í módernískum anda.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Atvinnu- og virkjunarsaga. Hluti af heild mannvirkja Búrfells- og Sultartangastöðva.


Umhverfisgildi: Miðlungs. Hluti af heild.

Upprunaleg gerð: Miðlungs. Húsið var stækkað skv. upprunalegri áætlun.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.

Varðveislugildi: Miðlungs.

Verndarflokkur:



Hönnun: Harza Engineering Company og verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen í samráði við Guðmund Kr. Kristinnsson arkitekt
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Lokuvirki
Núverandi notkun: Lokuvirki

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	
Útveggir:	Steinsteypa	
Þakgerð:	Flatt	
Þakklæðning:		
Undirstöður:	Steinsteypa	
Útlit:	Einlyft á kjallara	

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Sultartangastífla var byggð á árunum 1982-1984 m.a. til þess að auka rekstraröryggi Búrfellsstöðvar, draga úr ísskolun þar og bæta við miðlun kerfisins. Í upphafi var gert var ráð fyrir hækkun stíflunnar samhliða byggingu Sultartangastöðvar og á byggingartíma stöðvarinnar var Sultartangastífla hækkuð. Við það stækkaði lónið úr 18 í 20 km². Sultartangastífla er lengsta stífla á Íslandi eða alls 6,1 km að lengd og mesta hæð hennar er 22 m. Einfalt og lágstemmt lokuvirki stíflunnar lætur lítið yfir sér að utan en þegar inn er komið eru tvær hæðir neðanjarðar með verkstæði og geymslu. Úr kjallara er útgengt á svalir ofan á frárennslisæð vatnsins sem leitt er gegnum gamla Þjórásarfarveginn að inntaki stöðvarhúss. Mannvirkið er ekki skráð í fasteignaskrá.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga á ytra eða innra byrði er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnisvali og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt formfast iðnaðarmannvirki í móðernískum anda.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Atvinnu- og virkjunarsaga.

